



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA™

Framkvæmdaráðsfundur DKG

var haldinn þann 8. september 2018 í Kennarahúsinu við Laufásveg og hófst klukkan 10:00.

Mættar eru frá stjórn landssambands DKG Jóna Benediktsdóttir, forseti, Helga M. Steinson 1. varaforseti og Helga G. Halldórsdóttir 2. varaforseti, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir ritari og Jónína Hauksdóttir, meðstjórnandi. Eygló Björnsdóttir vefstjóri og Jensína Valdimarsdóttir gjaldkeri sátu einnig fundinn.

Formenn deilda: Alfadeild: Kristín Jóhannesdóttir, Betadeild: Sigríður Magnúsdóttir, Gammadeild: María Pálmadóttir, Deltadeild: Jónína Eiríksdóttir, Epsilondeild: Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir, Zetadeild: Guðrún Ásgeirsdóttir, Etadeild: Björg Kristjánsdóttir, formaður og Soffía Kofoed Hansen, gjaldkeri, Þetadeild: Gerður Pétursdóttir, Iotadeild: Steinunn Guðmundsdóttir, Kappadeild: Ingibjörg Guðmundsdóttir, Lambdadeild: Gerður Magnúsdóttir í forföllum formanns, Mýdeild: Katrín Fjóra Guðmundsdóttir, Nýdeild: Jenný Þórkátla Magnúsdóttir.

Formenn nefnda: Auður Torfadóttir, lögsögumaður, Sigríður Guðnadóttir, formaður félaga- og útbreiðslunefndar, Jenný Gunnbjörnsdóttir, formaður menntamálanefndar, Elínborg Sigurðardóttir frá samskipta- og útgáfunefnd. Námsstyrkjanefnd átti fulltrúa á staðnum; Steinunni Guðmundsdóttir, Iotadeild.

Ingibjörg Jónasdóttir og Evrópuforseti og Sigrún Klara Hannesdóttir, sem kynnti samtökin, en hún fór að lokinni kynningu sinni.

Fyrir fund var boðið upp á kaffi.

Áður en gengið var til dagskrár kveikti Helga M. Steinson á kertum. Forseti bauð konur velkomnar og kynnti dagskrá.

1. Viðstaddar konur kynntu sig og sögðu frá veru sinni í DKG. Þeim bar saman um þann mannauð sem er í samtökunum og gleðina af að taka þátt, skiptast á skoðunum og læra hver af annarri.
2. Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir kynnti samtökin. Hún sagði samtökin standa á tímamótum, vegna þess að miklar lagabreytingar urðu á alþjóðþinginu í sumar. Í umræðunni er að breyta nafni samtakanna. Tillögur að nýju heiti voru þó allar felldar á þinginu. „International Society for Key Women Educators“ verður áfram formlegt heiti samtakanna næstu 4 árin. Samtökin voru stofnuð í Bandaríkjunum 1929. Deildir eru í 17 löndum og Japan var síðasta landið, sem kom inn árið 2012. Gerðar hafa verið tilraunir til að stofna samtök í Danmörku, sem hafa mistekist. Collegial Exchange er helsta rit samtakanna ásamt DKG News, sem verður eftirleiðis eingöngu á netinu.

Félagskonur í Bandaríkjunum eru 98% félaga. En það hefur verið fækkun í samtökunum á undanförunum árum. Ísland er stærsta landsambandið utan Bandaríkjanna með 329 félaga. Kanada með 139 og Finnland með 107 koma næst. Nýjustu tölur fyrir Ísland skv. upplýsingum gjaldkera landsambandsins eru 341 kona. Hingað til hefur konum verið boðin þátttaka í samtökunum. En nú vilja höfuðstöðvar að hægt sé að sækja um þátttöku. Deildin þarf engu síður að samþykkja inngöngu félagskvenna. Markmið er að hafa fjölbreytni félagskvenna í fyrirrúmi. Það er einnig nýtt að leggja áherslu á eldri konur sem hættar eru störfum. Stjórn deildar samþykkir aukafélaga og ræður forsendum þess að kona er aukafélagi. Nýr flokkur félaga eru námsmenn kallaðir „Collegiate members“, þetta eru ungar konur sem ætla sér að verða kennarar, en hafa ekki enn fengið starf. Með þessu móti geta þær fengið stuðning hjá samtökunum. En það er undir hverri deild komið hvort hún vill nota þetta. Sigrún sagði frá styrkjum sem samtökin veita og ýmsu sem er í boði fyrir félagskonur. Alþjóðþing er annað hvert ár í Bandaríkjunum. Svæðaráðstefnur munu breytast, en það verður Evrópuráðstefna annað hvert ár. Sigrún fór yfir alþjóðlegar nefndir samtakanna. Glærur Sigrúnar Klöru verða settar á vefinn dkg.is.

3. Kynning frá gjaldkera, Jensínu Valdimarsdóttur. Hún er með formannsnælur og félagsnælur til sölu. Formenn þanta nælur áður en nýjar konur eru teknar inn.

Félagsgjöldin eru 10.000.- til landsambandsins. Flestar deildir leggja 2.000.- ofan á fyrir deildarstarfið. **Þessi gjöld þarf að innheimta fyrir 31. október. Hún mun senda póst til formanna og gjaldkera til að minna á þetta og á hvaða reikning á að setja greiðsluna. Best er að fá eina greiðslu frá hverri deild.** Þið fáid eyðublöð með nöfnum félagskvenna frá alþjóðasamtökunum. Þær sem greiða ekki fyrir tilskilinn frest falla út úr samtökunum, en það þarf að tilkynna það. **Greiða þarf landsambandi fyrir 10. nóvember.** Það er ekki gert ráð fyrir að konur greiði hálf gjald, það er algjör undantekning og þá vegna veikinda eða búsetu. Formenn eru ábyrgir fyrir fjármálum deildar ekki síður en gjaldkerar.

Mikilvægt að fara yfir upplýsingar um félagskonur og senda upplýsingar um allar breytingar til vefstjóra, félaga- og útbreiðslunefndar og gjaldkera.

4. Eygló Björnsdóttir kynnir vefsíðu samtakanna. Formenn eru ábyrgir gagnvart deildarvef sínum, hann þarf að uppfæra reglulega. Hver deild þarf að velja vefstjóra. Upplýsingar á vef þurfa að vera réttar. Muna að uppfæra t.d. stjórnina eftir að ný stjórn er kosin. Stefna og markmið þurfa að vera sýnileg á deildarsíðum. Mikilvægt er að upplýsingar um félagskonur séu réttar á heildarfélagatali. Eygló fór yfir innihald á vefsíðu samtakanna með áherslu á ábyrgð og upplýsingar til formanna. Hún fór yfir vottun vefsíðna og þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá vottun. Eygló hefur farið yfir þetta allt með hýsingaraðila, þannig að formenn þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessu. M.a. út af þessu eru á forsíðu upplýsingar um vefstjóra hveurrar deildar. Mikilvægt að hafa alltaf nýjustu upplýsingar á síðunni. Eygló sagði frá nýja flípanum þekkingarforðinn. Þar er hægt að segja frá sérsviðum félagskvenna, þannig að hægt sé að leita til þeirra um fyrirlestur eða kynningu. Eygló sagði frá því að

facebooksíðan Delta Kappa Gamma sé eingöngu fyrir félagskonur. Hún hleypir engum inn nema þeim sem eru í samtökunum.

5. Gert var matarhlé og var boðið upp á léttan hádegisverð.
6. Dagskrá hófst aftur eftir hádegishlé með því að Jóna Benediktsdóttir fór yfir tilurð framkvæmdaáætlunar og hvernig hefur gengið að koma einstökum verkefnum í framkvæmd á liðnu ári. Stefnt er að því að 20 virkar konur séu í hverri deild. Það getur verið snúið fyrir landsbyggðardeildir að ná þessu markmiði. Ein leið er að hringja í konur sem mæta sjaldan t.d. bjóða far á fundinn. Mikilvægt að stjórnir séu meðvitaðar um framkvæmdaáætlun, vegna þess að hún er í rauninni leiðarlýsing í starfi deildanna. Látið vita þegar konur úr ykkar deildum eru að fá viðurkenningar eða birta greinar.

Hnappur með þekkingarforðanum er nýr á vefsíðunni. Góð hugmynd er að taka einn fund í vetur til að safna saman upplýsingum um sérsvið félagskvenna og setja inn á hnappinn gegnum Eygló vefstjóra. Setja fundaráætlun næsta vetrar sem fyrst á vefinn. Forseti hyggst heimsækja deildirnar og þá er það hjálplegt að fá upplýsingarnar inn sem fyrst. Þetta má bæta hjá deildunum.

Mikilvægt er að hvetja konur til að vera virkar um ýmis menntamál. Hvetja konur til að sækja um námskeið og styrki á vef samtakanna. Jóna sagði að það hefði verið frábært að fara á Golden gift námskeiðið í Texas. Ekki var bara námskeiðið flott heldur að vera með þessum konum frá Bandaríkjunum og einni frá Mexíkó. Við getum haft ótrúlega mikil áhrif, vegna þess að víða eru konur ekki komnar jafn langt og við. T.d. var hún spurð hvernig hún gæti verið skólastjóri með þetta hár. Ef þú ert í stjórnarstöðu í skóla áttu að vera með hár sem nær niður fyrir eyrnasnepla, en ekki niður á öxl. Það er algengt að svona reglur séu settar, þótt það hafi bara verið eitt ríki með nákvæmlega þessa reglu. Það er mikil upplifun að fara á alþjóðaráðstefnur, það væri því gaman að reyna að fá sem flestar íslenskar konur til að taka þátt. Formenn þurfa að vera með þetta til umræðu á fundum í vetur. Kennarar geta sótt um endurmenntunarstyrk til Kennarasambandsins og fengið ráðstefnugjaldið og ferðakostnaðinn endurgreiddan.

Landsambandið býður upp á styrki til að halda tvenns konar leiðtoganámskeið, annars vegar með Ingibjörgu Jónasardóttur og hins vegar Sigrúnu Jóhannesdóttur.

7. Þessu næst fór Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir yfir stöðu varðandi Evrópuráðstefna 2019, sem verður haldin dagana 25.-27. júlí 2019 á Hótel Natura. Hún sagðist hafa tekið við formennsku í stýrihópi nú í ágúst og hélt fyrsta fund með stýrihópi og formönnum nefnda í ágúst, en áður hafði forseti landsambandsins haldið 2 fundi með stýrihópi. Það hefur ýmislegt breyst varðandi þessar ráðstefnur, m.a. er það þannig nú að aðalstöðvarnar bera ábyrgð á ráðstefnunum. Þær völdu þemu fyrir ráðstefnur til næstu ára og úthlutuðu okkur þemanu „Professional research“.

Í stýrihópi eru Ingibjörg Jónasdóttir, Evrópuforseti, sem er ábyrg fyrir ráðstefnunni, Jóna Benediktsdóttir, forseti landsambandsins, Jensína Valdimarsdóttir, gjaldkeri og Eygló Björnsdóttir, vefstjóri ásamt undirritaðri. Skipaðar hafa verið nefndir til undirbúnings og verksvið þeirra hafa verið skilgreind. Fyrir utan stýrihópinn eru fjárhagsnefnd (3 konur) undir forystu Jensínu Valdimarsdóttir, gjaldkera sambandsins, sem er í Delta deild, Dagskrárnefnd (5 konur) undir forystu Guðnýjar Helgadóttur í Gammadeild, Skráningarnefnd (3 konur) undir forystu Eyglóar Björnsdóttur í Beta deild, Viðburðanefnd (7 konur) undir forystu Ingibjargar Einarsdóttur í Gammadeild og Fjölmiðla- og kynningarnefnd (4 konur) undir forystu Ingileifar Ástvaldsdóttur í Mý deild. Þessar nefndir eru allar komnar á fullt í hugmyndavinnu og sumar þegar farnar að skila afurðum. Þannig vann fjölmiðlanefndin kynningu á ráðstefnunni okkar, sem fulltrúar Íslands tóku með sér til Texas í júlí síðastliðnum.

Næsti fundur stýrihóps verður síðar í dag og næsti fundur með formönnum er áætlaður í lok sept/byrjun október. Það verður flípi með upplýsingum um ráðstefnuna á dkg.is. Undanfarið hefur verið unnið að fjárhagsáætlun, sem alþjóðasamtökin þurfa að samþykka. Þau bera hina endanlegu ábyrgð á ráðstefnunni.

Það er mikilvægt að allar deildir taki þátt í undirbúningi ráðstefnunnar með einum eða öðrum hætti. Nefndirnar munu leita eftir liðsinni ykkar eftir því sem verkefnið verða til – t.d. gætu deildir tekið þátt í fjáröflun eða leita eftir litlum gjöfum til þátttakenda. Allar hugmyndir eru vel þegnar. En ekki hvað síst mikilvægt er að hvetja íslenskar félagskonur til að sækja ráðstefnuna og taka þegar frá tímann.

8. Lögð fram tillaga stjórnar um landssambandsþing. Lagt er til að þingið verði haldið í Reykjavík laugardaginn 4.maí. Dagskrá hefjist klukkan 10:00 með fræðsluerindi/erindum í um eina klukkustund. Að því loknu verði aðalfundur samtakanna með hefðbundinni dagskrá, skýrslum stjórnar og gjaldkera og kosningum. Þá verði gert hádegishlé og eftir það verði vinnufundur vegna Evrópuráðstefnu. Stjórn leggur til að Alfa og Kappadeildum verði falið að sjá um umgjörð þingsins og menntamálanefnd um fræðsluerindi.

Forseti sagði að þessari tillögu stjórnar væri varpað fram til umræðu, en framkvæmdaráðið tekur þessa ákvörðun.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að halda þingið í Reykjavík laugardaginn 4. maí.

Samþykkt að hefja dagskránnu aðalfundi. Guðbjörg Sveinsdóttir er formaður uppstillingarnefndar og verður leitað til formanna um tilnefningar í stjórn landsambandsins fyrir áramót. Það munu verða lagabreytingartillögur á fundinum og nefndirnar munu gefa skýrslur. Þessi fundur gæti tekið tvo til þrjá tíma.

Lagt til að hafa góðan hádegisverð, en skipuleggja ekki sameiginlegan kvöldverð. Þetta var samþykkt samhljóða. Eftir hádegðið verða síðan fyrirlestrar

einn eða tveir og loks unnið í hópvinnu m.a. um ráðstefnuna í júlí, en stjórn var falið að útfæra þessa liði ásamt menntamálanefnd.

9. Ábyrgð formanna. Jóna Benediktsdóttir kynnti efni fyrir formenn og fjallaði um nokkur mikilvæg verkefni deilda. Þótt formaður beri ábyrgð er mikilvægt að virkja félagskonur með sér.

Mikilvægt að koma á framfæri fréttum frá landsambandi og alþjóðasamtökum. Hún mælir með því að skipa uppstillingarnefnd vegna stjórnarkjörs og gera það snemma. Mikilvægt er að upplýsa rétta aðila um breytingar á stjórn deilda. Bent var á að nokkrar deildir hafa fyrir sig að biðja fyrrverandi stjórn um að sitja í uppstillingarnefnd. Hún sagði að formenn verði beðin um að skrifa skýrslur um starfsemina. Eldri gögn en tveggja ára á að senda til Kvennasögusafnsins.

Gera fundarplan vetrarins og setja á vefinn eins fljótt og hægt er. Fara yfir vefsíður deildanna. Eitt af markmiðum stjórnar landsambandsins var að myndir yrðu af félagskonum í félagatali. Sigríður Guðnadóttir formaður félaganefndar leggur til að deildirnar setji myndir inn á félagatalið sitt og nefndin getur síðan tekið þær þaðan og sett inn í stóra félagatalið. Þetta gæti verið verkefni á fundi að taka myndir af öllum.

Það þarf að hjálpa gjaldkeranum að innheimta félagsgjaldið. Það er auðvitað ákvörðun stjórnar hve mörgum er boðin aðild að deildinni. En það hefur reynst mörgum vel að taka inn nokkrar í einu. Það þarf að vera búið að kynna konur og fá samþykki deildarinnar. Ef kona vill skipta um deild, þá þarf að sækja um flutning og fá samþykki beggja formanna.

Formenn þurfa að skrifa í fréttabréf, það kemur í beiðni frá útgáfunefndinni. Fréttir úr deildarstarfinu, hvað er framundan og hvað hefur gerst, einnig ef haldinn hefur verið góður fyrirlestur. Gott að þessum erindum sé svarað fljótt. Gott ef við getum fengið sem flestar konur til að vera meðlimir á Facebook síðum Delta Kappa Gamma á Íslandi og Evrópu.

Evrópuráðstefnan er okkar, við eigum hana saman og mikilvægt að það verði fullt hús.

10. Önnur mál.

Ingibjörg Jónasdóttir var með hugvekju í lok fundar um oddaflug gæsa og líkti því við félagsstarf.

Forseti sagði frá því þegar hún var beðin um að taka að sér þetta forsetaembættið hafi hún kastað sér út í djúpu laugina. Hefur lært mikið á þessum tíma. Var í upphafi feimin við þessi tákni og formlegheit. Núna er hún komin að þeirri niðurstöðu að formfestan hjálpi.

Það sem litar starf þessar stjórnar er hvað við erum margar utan af landi, sem er áskorun. Hún sagðist hafa sett sér það markmið að heimsækja allar deildir, en er ekki viss um að það takist. Það er meiri vinna að láta til sín taka þegar maður býr úti af landi, en það er hægt. En af sumu er kannski gert minna.

Spurt var um kynningarbækling samtakanna. Það er tímabært uppfæra hann og láta prenta fleiri eintök.

Að lokum þakkaði forseti fyrir góðan dag og minnti á að ef maður gefur af sér í samfélagi þá fær maður meira tilbaka.

11. Fundi lauk 14.50 og var þá boðið upp á hressingu.